

## **STE-013 Upplýsingaöryggisstefna Íbúðalánasjóðs**

### **1. Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu**

Upplýsingaöryggisstefna Íbúðalánasjóðs styður við samfelldan rekstur og þjónustu og lágmarkar þannig rekstrarhættu og hámarkar öryggi verðmæta í eigu og umsjón sjóðsins.

### **2. Markmið upplýsingaöryggisstefnu:**

Meginmarkmið með stefnunni er að:

- tryggja áreiðanleika upplýsinga sem veittar eru til hagsmunaaðila,
- hámarka öryggi upplýsinga og búnaðar í eigu og vörslu sjóðsins,
- stuðla að aukinni vitund um upplýsingaöryggi,
- tryggja hlítinu við lög og reglur er varða meðhöndlun upplýsinga og samninga sem sjóðurinn hefur gert.
- Íbúðarlánasjóður framkvæmir reglulega áhættumat til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf og greina tækifæri til stöðugra umbóta auk þess að leita til hagsmunaaðila eftir reglulegri endurgjöf um mögulegar umbætur.

### **3. Umfang**

Stjórnkerfi upplýsingaöryggis Íbúðarlánasjóðs og nær til þess húsnæðis, vélbúnaðar, hugbúnaðar, þjónustu, ferla og starfsfólks sem nauðsynlegt er til að viðhalda ásættanlegu þjónustustigi fyrir dótturfélög, viðskiptavinum og innri starfsemi ils. Þetta er í samræmi við „Yfirlýsingu um nothæfi útg. 4.0“

### **4. Framkvæmd og ábyrgð**

Gæða- og öryggisnefnd sér til þess að upplýsingaöryggisstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið og reglur og tryggja viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja þeim. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur á stjórnun upplýsingaöryggis. Allir starfsmenn og lögaðilar sem veita sjóðnum þjónustu eru skuldbundnir til að vernda upplýsingar, gögn og kerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, glötun eða flutningi. Aðilar sem brjóta gegn upplýsingaöryggisstefnu Íbúðalánasjóðs geta átt yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum allt eftir eðli og umfangi brots.

### **5. Endurskoðun**

Endurskoða skal upplýsingaöryggisstefnu þessa á minnst þriggja ára fresti eða ef breytingar verða á skipulagi eða starfssemi sjóðsins. Stefnuna skal leggja fyrir og staðfesta í framkvæmdastjórn og lögð fram til kynningar fyrir stjórn sjóðsins Samþykkt í framkvæmdastjórn 15. október 2019